



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar

Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 30. desember 2025
2511069HS RS

Efni: Skátafélagið Fossbúar, félags- og útivistarsvæði - umsögn um auglýsingu tillögu að nýju deiliskipulagi.

Þann 13. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir félags- og útivistarsvæði Skátafélagsins Fossbúa.

Deiliskipulagssvæðið er um 1,4 ha og afmarkast af Tryggvagötu í vestri, Norðurhólum í suðri, byggð við Lóurima í norðri og göngustíg í austri. Svæðið er ætlað skátafélaginu til afnota þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 m² skátaheimili, nokkur smáhýsi sem geta nýst sem grillaðstaða, verkefnahús fyrir skátana og til útikennslu, og setja upp þrautabraut og almenn leiktæki fyrir gesti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á að hönnun og frágangur leikvallatækja og -svæða skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi